

Góðir félagar í BSRB

Almannaþjónustan mun á komandi misserum og árum eiga undir högg að sækja vegna tekjuhruns hjá ríki og sveitarfélögum. Miklu máli skiptir hvernig brugðist er við. Aldrei má ganga svo nærri velferðarkerfinu að unnið sé á því varanlegt tjón. Stefni í það, verða stjórnvöld að endurmeta stöðuna. Fjárlög geta litið meinleysislega út á blaði en orðið öllu verri í framkvæmd. Fráfarandi formaður sagði í setningarræðu sinni hér á þinginu að lífeyrissjóðirnir ættu að forgangsraða fjárfestingum sínum í lán til ríkis og sveitarfélaga til að verja velferðina. Undir þetta vil ég taka. Þetta væri öruggasta fjárfesting lífeyrissjóðanna sem völ er á og þjóðfélagslega hagkvæm. Það deilir hins vegar engin um að samdráttur er óhjákvæmilegur og þá einnig hjá ríki og sveitarfélögum sem orðið hafa fyrir tekjuhruni. Ég er einfaldlega að leggja áherlsu á að ekki sé farið of geyst og þá frekar stoppað upp í fjárlagagötin með þessum hætti og þar með lengdur aðlögunartíminn.

BSRB má aldrei missa sjónar á markmiðum sínum.

Við höfum staðið vörð um almannaþjónustuna á undanförunum árum – og það ætlum við að gera áfram.

Því almannaþjónustan skilar þjóðfélaginu sannarlega miklum arði.

Þar gegna starfsmenn ríkis og sveitarfélaga lykilhlutverki

Með samtakamætti mun okkur takast að byggja hér upp réttlátara og sanngjarna samfélag.

Kæru félagar

Oft hafa erfiðleikar steðjað að Íslendingum. Velsældarþjóðfélag samtímans verður vissulega ekki borið saman við örbyrgð fyrri alda. Þó skulum við ekki gleyma því að til staðar er mikil miskipting í þjóðfélaginu og því fjarri að allir hafi notið velsældar. Hvað þá nú. Margt fólk á við mikla og vaxandi erfileðika að etja; er að missa húsnæði sitt og finnur fyrir hrapandi kaupmætti lágra launa sinna.

Nú er þörf á réttlæti – þegar tekjur þjóðarinnar dragast saman þarf að jafna gæðunum. Við þurfum að virkja réttlætiskennd þjóðarinnar og við

þurfum að sýna hugkvæmni til að brjótast út úr aðsteðjandi vanda. Það á ekki síst við um samtök launafólks sem standa frammi fyrir geigvænlegum niðurskurði.

Í þessum skilningi erum við í vörn. En þeirri vörn má hæglega snúa upp í sókn. Samfélagið þarf að sannfærast um gildi þess að varðveita trausta samfélagsþjónustu – að hana beri að efla á samdráttartímum en ekki veikja – og að grunnréttindi og kjör launafólks megi ekki verða fórnarkostnaður kreppu. Það er nokkuð sem Finnar naga sig enn í handarbakið fyrir að hafa gert þegar þeir áttu við sína efnahagskreppu að stríða á tíunda áratugnum.

Nú þarf að hugsa í lausnum, virkja samtakamáttinn til að hugsa upp á nýtt en þó þannig að ávinningum fyrri tíma sé ekki fórnað. Við þurfum að þekkja fortíðina og virða reynsluna. Einar Benediktsson hafði lög að mæla þegar hann sagði að fortíðinni þyrfti að hyggja þegar framtíðina skyldi byggja.

Nú þarf að virkja krafta okkar allra. Forsenda árangurs er gott samstarf sem byggir á gagnkvæmri viðringu fyrir mismunandi sjónarmiðum.

BSRB eru öflug samtök sem mikilvægt er að virkja til góðra verka. Ég mun ekki láta mitt eftir liggja.

Kæru félagar nú höldum við senn heim – vel nestuð með stefnumótun þings BSRB. Nú er að bretta upp ermarnar. Það skulum við gera saman. Þannig munum við ná árangri.

42. þingi BSRB er slitið